



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Teiknistofa arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf
Hrund Skarphéðinsdóttir
Skólavörðustíg 2
101 Reykjavík

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Rvík, 20. september 2007

Tilvísun: UST20070600118/sf

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015, framkvæmdir vegna hafnar í Bakkafjöru og frístundabyggð í Fljótshlíð

Vísað er til erindis frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf dags. 1. júní 2007 þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015. Umhverfisstofnun hefur einnig borist umhverfisskýrsla vegna framangreindra aðalskipulagsbreytinga. Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu hefur verið auglýst, sbr. tölvupóst frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf sem barst Umhverfisstofnun þann 29. ágúst sl.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu og umhverfisskýrslu.

BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Tillaga að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra felur í sér að afmarkað er á skipulagsupprætti hafnarsvæði H1 í Bakkafjöru og nýr tengivegur að hafnarsvæðinu, sem myndi liggja að mestu yfir svæði á náttúruminjaskrá (719). Í tengslum við framkvæmdina er gert ráð fyrir efnistöku í Seljalandsheiði undir Eyjafjöllum og á Markarfljótsaurum. Áætlað efnismagn í Seljalandsheiði er 500.000 rúmmetrar og á Markarfljótsaurum 200.000 rúmmetrar.

Einnig eru samkvæmt tillögu að breyttu aðalskipulagi Rangárþings eystra áform um aukna frístundabyggð í Fljótshlíð. Afmarkað er 148 hektara svæði fyrir frístundabyggðina í Háamúla þar sem verða alls 29 lóðir. Einnig breytist hverfisverndarsvæðið H10 þar sem kortagrunnur er uppfærður.

Í greinargerð með aðalskipulagsupprætti kemur fram að lagður verði 3 kílómetra vegur frá Bakkaflogvelli að höfninni. Ennfremur kemur fram í greinargerðinni að byggður verði fyrirstöðugarður meðfram Markarfljóti og vegslóði frá fyrirhugaðri höfn eftir garðinum að brú sem gerð verður til bráðabirgða yfir Markarfljót og þaðan lagður bráðabirgðavegur að grjótnámu. Mannvirki þessi eru ekki sýnd á aðalskipulagsupprætti. Umhverfisstofnun telur að þótt framangreind mannvirki séu öll

til bráðabirgða sé umfang þeirra það mikið að full ástæða sé til að skoða áhrif þeirra á umhverfið.

Umhverfismat hafnarsvæðis við Bakka

Tillagan gerir ráð fyrir hafnarsvæði við Bakka í Austur-Landeyjum. Í greinargerð með aðalskipulagsupprætti kemur fram að Siglingastofnun telji að tekist hafi með rannsóknnum að staðsetja höfn með tilliti til skjóls og staðsetningar gagnvart sandrifi utan strandarinnar og þróa heppilega innsiglingu sem er nægilega örugg fyrir ferjusiglingar. Einnig kemur fram að höfnin muni samanstanda af bogadregnum brimvarnargörðum úr grjóti og er alfarið vísað á rannsóknir Siglingastofnunar í því tilliti. Í greinargerðinni kemur einnig fram að gert er ráð fyrir hafnsækinni starfsemi í framtíðinni, svo sem útgerð, fiskvinnslu og starfsemi af ýmsum toga er tengist sjóflutningum.

Fram kemur í umhverfisskýrslunni að efnisburður er talinn í lágmarki á þeim stað sem höfninni var valinn staður, án þess að fjallað sé um það nánar eða það útskýrt. Bílaumferð mun aukast um svæðið, bátsferð til og frá Eyjum mun stytta og flugferðum frá Bakka líklega fækka. Umfang framkvæmda vegna hafnarframkvæmda og síðar hafntengdrar starfsemi mun verða mikil þegar fram í sækir.

Í skýrslunni kemur fram að um er að ræða sjónræn áhrif á strandsvæðið, ásýnd svæðisins breytist þegar byggð verður upp höfn í fjörunni. Erfitt er þó að gera sér grein fyrir sjónrænum áhrifum þegar engar vísbendingar eru um umfang framkvæmdanna nema kort í mkv 1:100.000.

Umhverfismat vegakosta

Fram kemur að til skoðunar eru þrjú kostir að vegstæði milli Bakkafjöruhafnar og Þjóðvegakerfisins. Tveir kostanna eru að núverandi tengivegur yrði nýttur sem myndi síðan klofna og sveigja sitt hvoru megin við Bakkaflygvöll á leið sinni að hafnarstæðinu, eftir því hvor kosturinn yrði valinn. Þriðji kosturinn er nýr vegur frá Þjóðvegi nr.1 meðfram Markarfljótsaurum. Ef sá kostur er valinn mun vegurinn fara gegnum svæði sem er á náttúruminjaskrá, en í skránni segir: „*Tjarnir og Tjarnarnes, V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Að austan liggja mörk svæðisins við Markarfljót og að vestan við Ála. (2) Gróður og fuglalíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp*”.

Í umfjöllun um náttúruminjar og vernduð svæði í greinargerð með aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 kemur fram að stór hluti þessa sama svæðis er innan svæðis H10 sem er hverfisverndasvæði vegna sérstæðs fuglalífs og gróðurs. Í greinargerðinni segir um svæðið H10: „*Markarfljótsaurar – Tjarnarnes. Fjölbreytt gróðurfar á gömlum aurum Markarfljóts. Ríkulegt fuglalíf, m.a. talsvert skúmavarp*”. Hluti af Markarfljótsaurum er á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Eins og fram hefur komið eru hinir kostirnir tengivegur 252 og framhald af honum niður að hafnarsvæði, annað hvort vestan eða austan við Bakkaflygvöll. Í umhverfisskýrslunni eru þeir taldir lakari kostir, þrátt fyrir að þar komi fram að „*veglagning frá núverandi tengivegi austan eða vestan Bakkaflygvallar hefði í för með sér minni röskun á landslagi en ný veglagning*.” Þeir valkostir fara ekki heldur í gegnum svæði á náttúruminjaskrá. Þeir vegakostir eru hins vegar taldir hafa mikið ónæði gagnvart núverandi byggð samkvæmt upplýsingum í umhverfisskýrslu og „*slysa hættu þar sem mörg gatnamót og heimkeyrslur eru á leiðinni*”. Samt sem áður er komist að þeirri niðurstöðu að: „*Samgöngur fyrir núverandi byggð í Landeyjum muni*

batna, óverulega þó, og þau umferðarmannvirki sem þar eru verða betur nýtt. Áhrif v erða einhver á byggðamynstur við veginn". Ennfremur kemur fram að kostnaður er meiri ef nýr vegur er gerður meðfram Markarfljótsaurum, en sá kostur er talinn betri út frá umferðaröryggi og myndi einnig hlífa byggðinni í Landeyjum við umferð. Allir vegakostirnir eru taldir hafa í för með sér að byggja verður varnargarða meðfram Markarfljóti.

Stærsti ókosturinn við nýja veglagningu á Markarfljótsaurum að mati Umhverfisstofnunar er að veglína samkvæmt tillögu að breyttu aðalskipulagi liggur eftir endilöngu svæði á náttúruminjaskrá. Sú veglína mun því hafa veruleg áhrif á svæði sem talið er hafa mikið verndargildi vegna fjölbreytts gróðurfars og ríkulegs fuglalífs. Nú þegar er net vega um svæðið og með nýjum vegi við Markarfljót færi meira land undir vegstæði. Umhverfisstofnun leggst gegn framlagðri tillögu um nýjan veg að Bakkafjöru vegna neikvæðra áhrifa á svæði sem hefur verndargildi vegna náttúrufars.

Við veltengingu milli Hringvegur 1 og Bakkafjöruhafnar leggur Umhverfisstofnun áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Ekki verði lagður nýr vegur í þessu skyni heldur verði nýtt vegstæði vegar sem nú þegar er fyrir hendi.
2. Tengivegur liggja vestan svæðis á náttúruminjaskrá.

Umhverfismat efnistöku

Áætluð efnistökusvæði eru Seljalandsheiði og Markarfljótsaurar. Úr Seljalandsheiði er áætlað að taka efni úr klöpp og er áætluð efnistaka 500.000 rúmmetrar. Í umhverfisskýrslu er fullyrt að áhrif efnistökkunnar á umhverfið verði minniháttar og mjög staðbundin. Einnig kemur fram að fyrirhuguð efnistaka er á opnu óbyggðu svæði og hverfisverndarsvæði H3.

Ekki er rökstudd á nokkurn hátt sú fullyrðing að fyrirhuguð efnistaka verði minniháttar og mjög staðbundin og hafi lítil áhrif á gróðurfar, landslag og fuglalíf. Aðeins kemur fram að það verði metið á síðari stigum. Efnistaka kemur til með að verða mikil og hlýtur að hafa sjónræn áhrif og breyta landslagi. Þörf er á nánari lýsingu á efnistöku í Seljalandsheiði, hvar nákvæmlega hún verður og hvernig verður staðið að henni sem og frágangi. Efnistaka á aurum Markarfljóts verður einnig mikil eða 200.000 rúmmetrar og þarf einnig að lýsa vel hvar og hvernig vinnslan mun fara fram og meta áhrif vinnslunnar. Í greinargerð með breyttu aðalskipulagi segir: „Efnistaka úr áreyrum er þess eðlis að efnið endurnýjar sig og efnistakan skilur ekki eftir sig varanleg ummerki. Áhrif hennar eru því óveruleg.“ Að mati Umhverfisstofnunar þarf að rökstyðja þessa fullyrðingu með staðreyndum um magn framburðar árinna, hvernig efnistöku verður hátað og hvar hún verður. Að þeim upplýsingum fengnum telur Umhverfisstofnun fyrst unnt að taka afstöðu og gefa umsögn um námavinnslu. Umhverfisstofnun telur því upplýsingar um fyrirhugaða efnistöku ófullnægjandi. Ekki er hægt að fullyrða að aðrir efnistökkostir yrðu dýrari, eins og gert er í umhverfisskýrslu, ef þeir kostir eru hvorki tilgreindir né þekktir. Ekki er heldur rökstudd sú ákvörðun að við efnistöku verði farið inn á hverfisverndarsvæði á Seljalandsheiði. Samkvæmt núverandi aðalskipulagi Rangárbings eystra eru ástæður þess að hverfisvernd er á svæði H3 (sem nær yfir Seljalandsheiði) þær að svæðið hefur verndargildi vegna náttúruminja, þjóðminja og mikilvægra lindasvæða. Ennfremur er tekið fram að svæðið hafi mikið útivistargildi og að svæðið sé áhugavert og opið allt árið. Hvergi er í umhverfisskýrslu rætt um að þessi

verndargildi séu ekki jafn mikilvæg nú sem áður né heldur hvernig efnistaka á svæðinu samræmist forsendum þess að svæðið er skilgreint sem hverfisverndarsvæði og markmiðum um vernd svæðisins. Umhverfisstofnun telur ljóst að efnistaka allt að 500.000 rúmmetrar geti haft mikil sjónræn áhrif í för með sér og áhrif á útivistargildi svæðisins.

Ný frístundabyggð í Háamúla

Samkvæmt tillögu að breytingu á aðalskipulaginu er gert ráð fyrir frístundabyggð á Háamúla, sem eins og fram hefur komið er áætluð á 148 hektara svæði og er þar gert ráð fyrir alls 29 lóðum. Jörðin Háimúli er staðsett á vesturbakka Markarfljóts í nágrenni við Árkvörn og Múlakot. Gróðurlendið á svæðinu virðist að mestu rýrt mólendi og að hluta til ræktað land. Vegir hafa verið lagðir á svæðinu og kringum það, svo það er raskað nú þegar. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá og þar er ekki að finna jarðmyndanir eða vistkerfi sem falla undir 37. grein laga um náttúruvernd og njóta sérstakrar verndar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt grein 4.15.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 „skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim“. Þar sem byggðin snýr að Markarfljóti telur Umhverfisstofnun að nauðsynlegt sé að hafa fjarlægðina meiri.


Niðurstaða


Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við þá breytingu er varðar höfn í Bakkafjöru, en áskilur sér rétt til athugasemda við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Umhverfisstofnun telur að hvort sem lagður verði nýr vegur frá þjóðvegi niður að höfninni eða endurunnir eldri vegir á svæðinu, þá beri að forðast veglagningu á hverfisvernduðu svæði og svæði á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun leggst gegn því að farið verði með veg meðfram Markarfljóti í gegnum svæði sem er á náttúruminjaskrá eins og gert er ráð fyrir í aðalskipulagsbreytingunni.

Umhverfisstofnun telur að ítarlegri upplýsingar séu nauðsynlegar áður en stofnunin fjallar um námavinnslu í Seljalandsheiði. Einnig vantar nánari og betri upplýsingar um staðsetningu malarvinnslu á Markarfljótsaurum, sem og þær bráðabirgðafrankvæmdir sem taldar eru upp í greinargerð með aðalskipulagsbreytingu. Stofnunin telur því ekki tímabært að gera ráð fyrir þessum framkvæmdum í aðalskipulaginu.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frístundabyggð í landi Háamúla, enda mun hún ekki raska náttúruminjum. Stofnunin telur þó að tryggja verði fullnægjandi fjarlægð frá Markarfljóti, sbr. ábendingar hér að framan.

Virðingarfyllt


Sigrúros Friðriksdóttir
staðgengill forstöðumanns


Björn Stefánsson
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun.
Rangárþing eystra.